

## 5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur hún ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ****um grásleppuveiðar.**

## 1. gr.

Allar grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

## 2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða má veita bátum, sem eru 12 brúttólestir að stærð eða minni. Enn fremur bátum, sem eru stærri en 12 brúttórúmllestir, enda hafi þeir áður fengið slík leyfi og skýrslum verið skilað um veiðarnar.

Leyfi til grásleppuveiða getur ráðuneytið bundið þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

## 3. gr.

Óheimilt er án leyfis ráðuneytisins að nota við veiðarnar annan bát en þann, sem leyfi hefur fengið, t. d. til flutnings á afla.

## 4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við tilgreint veiðisvæði og veiðitímabil. Veiðisvæðin og veiðitímabilin eru þessi:

- A. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi suður frá Hvítungum að línu réttvísandi norður frá Horni er veiðitímabilið frá 25. apríl til 10. júlí.
- B. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá er veiðitímabilið 1. apríl til 15. júní.
- C. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi er veiðitímabilið frá 20. mars til 5. júní.
- D. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi suður frá Hvítungum er veiðitímabilið frá 25. mars til 10. júní.

Óheimilt er að leggja grásleppunet fyrir upphaf veiðitímabils og ávallt skulu öll net dregin úr sjó fyrir lok veiðitímabils.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfi að takmarka veiðisvæði og veiðitíma enn frekar en gert er í reglugerð þessari.

## 5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu söltuð í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Öll söltun á grásleppuhrognum um borð í bátum er óheimil.

**6. gr.**

Bátum, sem leyfi hafa til grásleppuveiða er óheimilt að stunda jafnframt þorsk-fiskveiðar í net.

**7. gr.**

Sé aðeins einn maður á bátnum er óheimilt að eiga fleiri en 40 net í sjó.

Sé áhöfn tveir menn skulu net ekki fleiri en 80.

Sé áhöfn þrír menn skulu net ekki fleiri en 120.

Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 150 net í sjó.

Takmörkun þessi á netafjölda í sjó miðast við 120 faðma slöngu.

**8. gr.**

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda skulu eigi síðar en einum mánuði eftir lok veiðitímabils senda skýrslu um veiðarnar til Fiskifélags Íslands á þar til gerðum veiðiskýrslum.

**9. gr.**

Eftir 1. janúar 1978 skal lágmarksmöskvastærð grásleppuneta vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika  $10\frac{1}{2}$  þumlungu (266.7 mm) breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

**10. gr.**

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

**11. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 58 5. mars 1976 um hrognkelsaveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

19. janúar 1977.

Nr. 67.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsuppdrætti af miðbæ Hafnarfjarðar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 19. janúar 1977 staðfest breytingu á skipulagsuppdrætti af miðbæ Hafnarfjarðar, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 22. apríl 1967. Breyting þessi tekur til svæðis sem takmarkast af Strandgötu, Lækjargötu, Fjarðargötu og Linnetsstíg.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1977.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*